

## Kennsluáætlun haustönn 2019

### Náttúrufræði 6. bekkur

Í náttúrufræði í 6.bekk eru 3 kennslustundir á viku. Kennrarar eru Elsa Sigrún Elísdóttir og Gréta Björg Ólafsdóttir.

#### Vinnulag

Í kennslustundum í náttúrufræði er lögð áhersla á lestar í grunnbók ásamt verkefnavinnu, samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Lítið er um heimanám í náttúrufræði en foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir, í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu.

#### Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Lærum um lífið í sjónum við Ísland. Hafsbottin, ströndina, landgrunnið og úthöfin og hvernig lífríki og ólíkt umhverfi spila saman. Nemendur kynnast því dýraríki sem lifir í sjó og við strendur Íslands.	Lífríkið í sjó. Lesbók og ýmis verkefni tekin af netinu <a href="https://mms.is/namsefni/fjaran-og-hafid">https://mms.is/namsefni/fjaran-og-hafid</a> .	<b>Nemandi getur</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• lesið, skrifað og sagt frá hugtökum í náttúrvísindum í máli og myndum</li><li>• framkvæmt einfaldar athuganir á vísindalegan hátt</li><li>• framkvæmt í hópi einfaldar athuganir og rætt niðurstöður þeirra</li><li>• lesið texta um náttúrvísindi og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum</li><li>• lýst ólíkum búsvæðum í nærumhverfinu og á Íslandi</li></ul>	Öllum verkefnum safnað í möppu. Glæruverkefni

		<ul style="list-style-type: none"> <li>• lýst ólíkum búsvæðum í nærumhverfinu og á Íslandi</li> <li>• útskýrt aðlögun lífvera að umhverfinu og hvernig hún gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér</li> <li>• sagt frá reynslu sinni og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi</li> <li>• greint frá ábyrgð sinni á verndun náttúrunnar og bent á leiðir til að bæta eigið umhverfi og náttúru</li> <li>• gert grein fyrir hlutverki mannsins í náttúrunni og hvernig lífsafkoma hans byggist á verndun hennar</li> <li>• lýst einkennum lífvera í og við vatn og sjó og tengslum þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt</li> </ul>	
--	--	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

## Námsmat

Námsmat fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtöllum og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvívar í veturnar, í janúar og vetrarlok

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir og Gréta Björg Ólafsdóttir